

4. Auglýsing um að skip þau, er eiga heima í lýð-
stjórnarborgunum Hamborg, Lübeck og Bremen, ^{1860.}
og í stórhertogadæminu Oldenburg, seu undan-
þegin aukagjaldi, er þau fara kaupferðir til Ís-
lands og Færeyja. 30. janúar.

Eptir skýrslu utanríkisstjórnarinnar sæta dönsk skip sömu kjörum um alla verzlunartolla og skipagjöld í lýðstjórnarborgunum Hamborg, Lübeck og Bremen, og í stórhertogadæminu Oldenburg, og þau skip er þar eiga heima.

Fyrir því skulu upp frá þessu skip þau, er eiga heima á þessum stöðum, þá er þau fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, vera undan þegin að greiða aukagjald það, 2 rd. af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konungsúrskurði 1. apríl. 1856, sem birtur er með auglýsing frá stjórn dómsmálanna, dagsettri 2. dag sama mánaðar.

Þetta kunngjörst hérmeð öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Stjórn dómsmálanna, 30. dag janúarmánaðar 1860.

Rotwitt.

5. Samningur milli dómsmálastjórnarinnar og konsúls og stórkaupmanns C. P. A. Kochs í Kaupmannahöfn, um póstgufuskipsferðir milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, árið 1860. 4. febrúar.

1. gr. Eg undirskrifaður konsúl og stórkaupmaður, C. P. A. Koch, skuldbind mig til að hafa skrífu-gufuskip úr fyrsta flokki, sem taki hërumbil 400 enskar lestir, í förum, sem póstskip milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, og láta það á yfirstandanda ári fara sex ferðir milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, og á leiðinni koma við í Þórshöfn. Ferðum þessum skal, að svo miklu leyti því verður við komið, hagað verða eptir áætlun þeirri, sem hér fylgir fyrir árið 1860.